



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2015-2016



Lifandi nám-Spegluð kennsla
Ívar Valbergsson
Fjölbrautaskóli Suðurnesja



Nafn skóla: **Fjölbrautaskóli Suðurnesja**
Nafn verkefnisins: **Lifandi nám- spegluð kennsla**
Nafn verkefnisstjóra: **Ívar Valbergsson**

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Efla gleði og sjálfstæð vinnubrögð í námi.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Hannað var námsefni og kennslubúnaður og var því miðlað í gegnum kennslu-umsjónakerfið Moodle þar sem það er öllum aðgengilegt og eru nú þegar nokkrir skólar farnir að nota það. Sjá nánari umfjöllun síðar í þessari skýrslu.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Verkefnið gekk mjög vel en var yfirgrípsmeira og tók meiri tíma en ég hafði áætlað.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Meiri vinna en ég bjóst við. Tímafrekt að hanna og útbúa kennslugögn og kennslubúnað.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Verkefnið gekk frammar björtustu vonum það sem snýr að nemendum. Nemendur kunnu allir mjög vel við þetta fyrirkomulag. Vinnusemi og afköst jukust verulega og agavandi var hverfandi. Sem dæmi má nefna að einn nemandi hjá mér vann svo vel að hann fékk að fara í VST 403 áfangann í beinu framhaldi af VST 304 áfanganum. Hann vissi að ég var að leggja lokahönd á að setja VST 403 áfangann í „Moodle“ og það um að fara í hann og fékk það í beinu framhaldi. Eftir það áttaði ég mig á því að í raun get ég verið með marga áfanga í gangi í einu. Það gerði ég síðan tilraun með, á vorönninni og það kom skemmtilega á óvart hversu vel það gekk. Litlir hópar voru sameinaðir, eldri og yngri nemendur unnu hlið við hlið í sitthvorum áfanganum og bættu hvorn annan upp. Yngri fengu flottar fyrirmyndir og eldri aukið sjálfstraust við að aðstoða yngri og þess háttar.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Eins og fram kemur hér að ofan þá var gerð tilraun með að sameina litla hópa og kenna þar með litlum hópum sem annars hefðu ekki verið kenndir. Sú tilraun gafst vel og nemendur voru mjög ánægðir með þetta og munum við halda áfram að sameina hópa og þannig komast hjá því að fella niður fámenna hópa. Þetta eykur skilvirkni í kennslunni og ánægju nemenda. Nemendur með sértæka námserfiðleika þrýfast mjög vel í þessu umhverfi.

Niðurstöður verkefnisins:

T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins. - Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins. - Náðust markmiðin?

Markmiðinn náðust öll og gott betur eins og fram kemur hér að ofan, þarf til dæmis ekki lengur að leggja niður fámenna áfanga. Góður starfsandi og vinnusemi er rýkjandi.

Hvað er til marks um það? - Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Ég var metin af nemendum á haustönn og kom verulega vel út, langt yfir meðallagi. Þar kom fram að nemendur voru mjög ánægð með allt fyrirkomulagið. Verkefnið mun halda áfram að vaxa og dafna í FS og öðrum skólum, sjá hér að neðan.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

- Ég er búinn að vera með tvo kennaranema í æfingakennslu undanfarnar annir.
- Búin að halda kynningu fyrir vélstjórnakennara í Fjöltækniskólanum
- Búin að halda kynningu á Neskaupstað í framhaldsskóla og fyrir grunnskólakennara.
- Búin að halda kynningu fyrir grunnskólakennara í Reykjanesbæ.
- Búin að halda kynningu í HÍ fyrir kennaranema hjá Elsu Eiríksdóttur og hef verið beðinn um að koma aftur í haust og þá með ítarlegra efni.
- Á slóðinni hér að neðan er allt námsefnið og netfangið mitt og símanúmer og fólki er frjálst að leita til mín ef spurningar vakna en

Það er hægt að ná nokkuð djúpum skilning með því að kynna sér efnið og skoða myndböndin.

Hér kemur slóðin á „**Lifandi nám vendinám**“ (**spegluð kennsla**) :

<http://k.fss.is/course/view.php?id=269>

Neðst á síðunni er gluggi: „log in as a guest“

Undir „**Bjargir**“ er að finna myndbönd sem styður við hugmyndafræði vendináms.

Undir „**Viðhorf**“ eru ábendingar um bíómyndir sem gott er að nota til að modivera nemendur með.

Undir „**Námsgögn**“ eru kennslumyndbönd og kynning á snjallforritum og kennsluvefsíðum og hvernig gagnvirk word-skjöl eru gerð. Jafnframt eru tenglar inná „Moodle“ síður frá mér sem eru allar opnar fyrir gesti, allt námsefni má nota að vild.

Undir „**Kennslubúnaður**“ er að finna ljósmyndir af kennslubúnaði og kynning á stafrænum smiðjum FabLab og Hakit.

Undir „**Sérkennsla**“ er bent á bækur og snjallforrit sem hægt er að nýta til að auðvelda nám.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Að mínu mati er örugglega hægt að lækka kostnað og auka hraða nemanda í gegnum skólakerfið án þess að skerða gæði þegar áfangi er tilbúinn í kennslumhverfi eins og Moodle. Efnið er svo gott að það myndi sóma sér sem fjarkennsluefni en nemendur fá að auki aðgang að kennara og samnemendum og í sumum tilfellum aðgang að eldri og reyndari nemendum.

Þar liggur galdurinn í „**Lifandinámi vendinámi (spegluðkennsla)**“ að mínu mati.